

20. Forstöðunefnd kvennaskólans sækir um sama styrk eins og undanfarin ár. Eptir að amtsráðið hafði kynnt sjer skýrsluna um aðgjörðir skólans síðastliðið skólaár og reikning um tekjur hans og gjöld, ákvað það að veita kvennaskólanum 200 kr. styrk úr jafnaðarsjóði fyrir árið 1884. 92
21. Eptir uppástungu forseta veitti amtsráðið eins og að undanfögnu 125 kr. til sæluhússins á Kolviðarhóli úr jafnaðarsjóði, þar af 100 kr. uppí laun sæluhússbúans og 25 kr. til viðhalds húsinu.
22. Því næst var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir árið 1885.

	Tekjur.	kr.	kr.
1. Eptirstöðvar . . . . .		2000	
2. Niðurjöfnun . . . . .		<u>1370</u>	3370
Gjöld.			
1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna . . . . .		700	
2. Til ferðakostnaðar . . . . .		200	
3. Til kennslu heyrnar- og málleysingja . . . . .		300	
4. Til sáttamálefna . . . . .		20	
5. Kostnaður við amtsráðið . . . . .		150	
6. Ýmisleg útgjöld . . . . .		1000	
7. Eptirstöðvar . . . . .		<u>1000</u>	3370

Reykjavík 19. júlí 1884.

*Magnús Stephensen*  
settur.

## S k ý r s l a

93

*um aðalfund amtsráðsins í vesturamtinu 18. og 19. júní 1884.*

Fundurinn var haldinn á Ísafirði af forseta amtsráðsins, settum amtmanni í suðuramtinu og vesturamtinu yfirdómara Magnúsi Stephensen, með amtsráðsmönnum, sýslumanni S. E. Sverrisson og jarðyrkjumanni Torfa Bjarnasyni.

Þessi málefni voru tekin fyrir á fundinum;

1. Forseti lagði fram jafnaðarsjóðsreikning vesturamtsins fyrir árið 1883; var hann yfirfarinn og fannst ekkert við hann að athuga.
2. Forseti fram lagði reikning yfir búnaðarskólagjaldið í vesturamtinu 1883. Við reikning þennan fannst ekkert athugavert.
3. Forseti fram lagði reikning yfir búnaðarsjóð vesturamtsins fyrir 1883; var hann yfirfarinn og fannst ekkert við reikning þennan að athuga.
4. Forseti fram lagði reikning yfir tekjur og gjöld bókasafnsins í Stykkishólmi og fannst ekkert við hann að athuga.
5. Forseti framlagði eptirgreinda sýslusjóðsreikninga:
  - a. Sýslusjóðsreikning Barðastrandarsýslu fyrir árið 1882. Amtsráðið fann athugavert við þennan reikning, að sjóður sýslunnar hefði verið lánaður út, án þess að sjóðnum hafi verið taldar nokkrar rentur af láninu, sem virðist að koma í bága við 40. gr. sveitarstjórnarlaganna; einnig að greidd hafði verið borgun til tveggja

93

manna, er mætt höfðu á aðalfundi sýslunefndarinnar án þess að þeir væru kosnir sýslunefndarmenn fyrir þá hreppa, er þeir mættu fyrir.

b. Fyrir árið 1883:

Sýslusjóðsreikning frá Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu,

— — — — Dalasýslu,

— — — — Barðastrandarsýslu og

— — — — Strandasýslu og fannst ekkert sjerstaklega athugavert við reikninga þessa, en ráðið fól forseta á hendur að brýna fyrir öllum sýslunefndum í vesturamtínu, að sjá um, að sýsluvegagjaldinu sje árlega varið samkvæmt vegalögunum.

6. Forseti fram lagði eptirfylgjandi eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna:

a. Frá Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 1. og 2. maí 1884;

b. Frá Dalasýslu 30. maí og 11. okt. 1883 og 18. apríl 1884;

c. Frá Barðastrandarsýslu 29. maí 1883.

d. Frá Ísafjarðarsýslu 13. marzmán. 1884;

e. Frá Strandasýslu 19. apríl 1883, 29. sept. 1883 og 28. febr. 1884.

Eptirrit þessi voru upplesin og athuguð og fannst ekkert við þau athugavert.

7. Forseti fram lagði brjef landshöfðingja, þar sem hann óskar tillaga amtsráðsins um, hvernig verja skuli fje því til eflingar búnaði, sem landshöfðinginn hefur til beinlínis umráða, að því er snertir vesturamtíð, og gjörir amtsráðið ráð fyrir, að upphæð sú, er því ber að gjöra tillögur um, verði eins og að undanfögnu 2466 kr. 67 a. Sömu-leiðis hafði landshöfðinginn beiðst álits amtsráðsins um bónarbrjef frá Súðavíkurreppi um 200 kr. styrk til verkfærakaupa.

Hvað viðvíkur bónarbrjefi frá Súðavíkurreppi um að fá 200 kr. styrk til verkfærakaupa, þá gat amtsráðið ekki lagt til að styrkur þessi fengist af fje því sem landshöfðinginn hefur til beinlínis umráða til eflingar búnaði, með því fje það virðist vera ætlað til almennra nota fyrir allt vesturamtíð.

Amtsráðið leggur því til, að ofangreindum 2466 kr. 67 a. sje varið til kostnaðar við búfræðiskennsluna í Ólafsdal þannig:

a, að með 4 námspiltum sje lagðar 250 kr. með hverjum og með 6 námspiltum 150 kr. eða samtals . . . . . 1900 kr.

b, til viðhalds verkfærum . . . . . 100 —

c, til kennslulauna . . . . . 466 — 67 a.

8. Því næst tók amtsráðið til yfirvegunar hvernig verja skuli tekjum búnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir árið 1884, sem samtals eru að meðtöldum sjóði í eptirstöðvum 711 kr. 90 a.

Bónarbrjef frá piltinum Stefáni Pjeturssyni, sem á eigin kostnað hefur notið kennslu við stofnunina í Ólafsdal síðastliðið ár, var framlagt, þar sem hann óskar, að sjer verði veittur styrkur til að afljúka námi sínu við tjeða búnaðarskólafstofnun á yfirstandandi ári. Einnig bónarbrjef frá Indriða Indriðasyni á Hvoli, þar sem hann beiðist styrks til að nema búfræði við skólafstofnunina í Ólafsdal sem auka-lærisveinn.

Amtsráðið ákvað að veita hinum nefnda Stefáni Pjeturssyni 100 kr. styrk til að afljúka námi sínu við búfræðiskennslustofnunina í Ólafsdal. Einnig veitti

amtsráðið Indriða Indriðasyni 100 kr. styrk til að nema búfræði við Ólafsdalsstofnunina, með því skilyrði, að forstöðumaður stofnunarinnar við lok skólaársins gæfi vottorð um, að hann hefði notið hjá honum kennslu í búfræði sjer til verulegra nota. Enn femur veitti amtsráðið 120 kr. til prófdómenda við haust- og vorpróf.

Amtsráðið íhugaði á ný ósk þá, er forstöðumaður búnaðarkennslustofnunarinnar í Ólafsdal hafði fram borið fyrir amtsráðið á síðasta fundi þess, um að veittar væru 800 kr. til þess að kosta kennslu við stofnunina, og veitti amtsráðið í þessu skyni 333 kr. 33 a. af búnaðarsjóði vesturamtsins.

9. Amtsráðið tók til íhugunar málefnið um stofnun búnaðarskóla í vesturamtinu, og kom því saman um að fela forseta á hendur að bera þær tillögur sínar upp fyrir landshöfðingjanum yfir Íslandi, að skólastofnunin í Ólafsdal verði gjörð að reglulegum búnaðarskóla fyrir allt amtið og að stofnun þessi sem búnaðarskóli njóti alls búnaðarskólagjaldsins úr vesturamtinu og hinna árlegu vaxta af fje búnaðarskólaskólaársins.
10. Forseti fram lagði brjef landshöfðingjans yfir Íslandi, er óskar að amtmaðurinn í vesturamtinu beri undir álit amtsráðs vesturamtsins, hvort nægilegt sje, að landlæknirinn sje að eins skyldur til að taka yfirsetukvennaefni til kennslu einu sinni á ári eða hvort amtsráðið álíti nauðsynlegt, að kennslan fari fram optar á ári; einnig um hvaða tími muni haganlegastur til kennslunnar. Amtsráðið ljét samhuga í ljósi það álit sitt, að nauðsynlegt sje að landlæknirinn sje skyldur til að taka yfirsetukvennaefni tvisvar á ári, og hentugastur tími til að kennslan byrjaði áleit amtsráðið að væri 1. apríl og 15. ágúst ár hvert.
11. Eptir ósk forstöðunefndar kvennaskólans í Reykjavík veitti amtsráðið skóla þessum 150 kr. styrk af jafnaðarsjóði vesturamtsins fyrir yfirstandandi ár.
12. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, dags. 21. f. m., þar sem beðið er um 400 kr. styrk handa sýslunni af fje til eflingar búnaði til þess að kosta búfræðing 1885.

Með því amtsráðið ekki hefur umráð yfir fje því, sem veitt er í fjárlögum til eflingar búnaði, og því ekki virðist við eiga að bera upp nú þegar tillögur við landshöfðingja um styrkveitingar af fje því, sem veitt er í þessu skyni fyrir árið 1885, gat amtsráðið ekki sinnt þessari fjárbeiðslu.

13. Samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu veitti amtsráðið úr jafnaðarsjóði 40 kr. til byssukaupa handa Jóni Sveinssyni frá Ögri.
14. Amtsráðið samþykkti niðurföfnun til sýslusjóðs Dalasýslu, sem gjörð hafði verið á fundi 18. apríl 1884, að svo miklu leyti sem hún fer fram yfir þá upphæð, sem sýslunefndinni er heimilt að jafna á sýslubúa.
15. Amtsráðið samþykkti eptir ósk sýslunefndar Dalasýslu, sem fram borin var í brjefi dags. 30. okt. 1883, sölu á  $\frac{1}{4}$  Ásgarðs í Hvammssveit, er keyptur hafði verið til handa sýslusjóðnum 1880, og hafði verið boðið fyrir jarðarpart þennan 1450 kr.
16. Forseti lagði fram brjef, dags. 12. júní 1883, þar sem sýslunefnd Barðastrandarsýslu beiðist meðmæla amtsráðsins til þess að veittur verði 500 kr. styrkur úr landssjóði til að endurbæta og leggja veg yfir Þingmannaheiði.

Amtsráðinu kom saman um að leggja meðmæli sín með því, að landshöfðinginn veitti hinar umbeðnu 500 kr. til vegagjörðar yfir nefnda heiði, enda þó að alpóstleið liggi ekki yfir hana, með því hún er mjög fjölfarin og nauðsynlegur vegur í sýslunni.

- 93 17. Þá kom til umræðu, að aðalþótleiðin kringum Gilsfjörð í Dalasýslu og Barðastrandarsýslu væri mjög ill yfirferðar og að líkindi væru til, að hún ekki fyrst um sinn gæti orðið endurbætt af sýsluvegagjaldinu úr Dala- og Barðastrandarsýslu; kom amtsráðinu saman um, að beiðast þess, að 1000 kr. fengjust veittar úr landssjóði til endurbóta á ofangreindum vegakafla nú þegar á yfirstandandi sumri.
18. Samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu ákvað amtsráðið, að 9. yfirsetukvannahjerði sýslunnar, sem nær yfir Nauteyrarhrepp og Snæfjallahrepp verði skipt í 2 yfirsetukvannahjerð, þannig, að hvor þessara hreppa sje yfirsetukvannahjerð umdæmi fyrir sig.
19. Því næst samþykkti amtsráðið reglugjörð um grenjaleitir og refaveiðar fyrir Ísafjarðarsýslu, er samin hafði verið á sýslufundi 13. marzmán. 1884.
20. Var lagt fram brjef sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, dags. 24. marzmán. þ. á., ásamt bónarbrjefi sýslunefndarinnar í sömu sýslu til landshöfðingjans yfir Íslandi, þar sem beiðst er 4000 kr. láns til þess að koma á stofn gufubáti á Ísafjarðardjúpi og er óskað samþykkis amtsráðsins til lánbeiðslu þessarar.

Þaræð amtsráðið ekki áleit málefni þetta nægilega undirbúið til þess, að það gæti nú gefið samþykki sitt til að það væri veitt, þar sem lánbeiðslan var samþykkt á fundi sýslunefndarinnar með 5 atkv. gegn 4, og amtsráðinu höfðu borizt mótmæli 6 sýslunefndarmanna gegn henni, þá fjellst amtsráðið á, að fela forseta sínum á hendur, að skora á oddvita sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu, að kalla sýslunefndina saman til þess, að ræða málefni þetta ýtarlega á fundi og skyldi það tekið fram í boðun til slíks fundar, að málefni þetta yrði tekið til umræðu. Enn fremur fól amtsráðið forseta sínum á hendur, að samþykkja lánið, ef það kæmi svo undirbúið frá sýslunefndinni, að hann álitu tiltækilegt fyrir hönd amtsráðsins, að samþykki til þess væri veitt.

21. Amtsráðið samþykkti, að sýslunefnd Strandasýslu fengi 6000 kr. lán úr landssjóði til að kaupa fyrir bjargræðisgripi handa þurfandi sýslubúum.
22. Því næst var rædd og samþykkt eptirfylgjandi

#### Á æ t l u n

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs vesturamtsins árið 1885.

#### Tekjur

1. Í sjóði og eptirstöðvar . . . . .	1300 kr.
2. Niðurjöfnun . . . . .	1000 —
	Samtals 2300 —

#### Gjöld

1. Til sakamála, lögreglumála og gjafsóknarmála . . . . .	» kr.
2. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna . . . . .	300 —
3. Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja . . . . .	200 —
4. Kostnaður við amtsráðið . . . . .	400 —
5. Til ýmsra gjalda . . . . .	300 —
6. Til ferðakostnaðar . . . . .	100 —
7. Eptirstöðvar . . . . .	1000 —
	Samtals 2300 kr.

Reykjavík 23. júlímán. 1884.

*Magnús Stephensen*  
settur.